**Skólaráð Lækjarskóla**

Fundur haldinn 9. desember 2009 kl. 8:05.

Fundarmenn: Haraldur Haraldsson skólastjóri, Nanna Pétursdóttir foreldri, Elma Karen Sigþórsdóttir foreldri, Þórarinn B. Þórarinsson kennari, Hrönn Arnardóttir kennari og Helga Ágústsdóttir skólaliði varamaður Oddnýjar Jóhannesdóttur, Pála Ögn Stefánsdóttir nemandi og Birna Stefánsdóttir nemandi.

1. **Breytingar á skóladagatali Lækjarskóla**

   Tillaga að breytingu:
   Skóladagatal 8. ï 10. bekkja.
   Dagana 14. og 15. desember 2009 eru breytilegir. Lagt er til að þessir tveir dagar verði hefðbundnir skóladagar. Lagt er til að í stað komi breytilegir skóladagar 10. og 11. mars 2010 þ.e.a.s. þegar aðrir bekkir skólans eru einnig með þemadaga.

   Tillaga að breytingu:
   Skóladagatal 8. ï 10. bekkja.
   18. desember er breytilegur skóladagur. Lagt er til að hann verði færður til 17. desember frá kl. 18:00 ï 22:00/23:00. Þá munu nemendur vera með kennurum sínum á stofujólum og jólaballi. 18. desember munu nemendur eiga frí.

   Tillaga að breytingu:
   Skóladagatal 1. ï 10. bekkja.
   Skólaslit 1. ï 10. b. er sett 7. júní samkvæmt skóladagatali. Óskað er eftir tilfærslu á skólaslitum þannig að þau færist fram til 4. júní. Óskin er grunduð á því að starfsmönnum skólans gefst kostur á að fara í skólaheimsókn til Svíþjóðar en sú ferð þarf að hefjast 6. júní. Skólinn mun sjá til þess að nemendur fái þá breytilegan skóladag t.d. í formi síðdegisstundar þar sem að þemaverkefni eða annar afrasktur skólastarfs væri kynntur.

   Þessar breytingar á skóladagatali voru samþykktar af fundarmönnum.

   Nýtt skóladagatal Lækjarskóla verður sent fræðsluráði til umfjöllunar, samþykktar eða synjunar.

2. **Fréttir frá foreldrafélagi Lækjarskóla**
   Formaður fór yfir helstu upplýsingar. Starfið gengur vel en þó vantar enn árgangafulltrúa vegna 8. bekkja í stjórn félagsins.

Fulltrúar nemenda Pála Ögn Stefánsdóttir og Birna Stefánsdóttir komu á fundinn kl. 8.30.

3. **Kosning fulltrúa grenndarsamfélags**
   Aðalmaður: Hafrún Dóra Júlíusdóttir
   Varamaður: Geir Bjarnason

4. **Fréttir frá nemendaráði Lækjarskóla**
   Gizmó gekk vel og framundan er sundlaugarpartý sem verður n.k. föstudag fyrir 8.-10. bekk.

5. **Önnur mál**
   Fyrirspurn frá Nönnu Pétursdóttur:  Er hægt að hafa þemadaga þvert á skólann að öll stigin vinni saman
   Þetta verður tekið til skoðunar sjá framangreinda tilfærslu undir fyrsta dagskrálið.

   Haraldur biður fundarmenn að senda honum erindi hafi menn óskir um að koma með efni inn á næsta fund þannig að setja megi það á dagskrá.

Fundi slitið 8:45
Sólrún Helgadóttir, fundarritari